Brjef landshöfðingja *til N. N.* **viðvíkjandi endurgjaldi fyrir vöntun í peningasendingu.** — Eptir að hafa leitað umsagnar póstmeistarans viðvíkjandi erindi yðar, dags. 26. sept. f. á., um endurgjald á 130 kr., er þjer tjáið að glatazt hafi úr peningabrjefi frá yður til landfógetans í póstferð í maímán. síðastliðið sumar, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, að með því að það kom í ljós, þegar brjefið var opnað af viðtakanda í viðurvist póstmeistarans og tveggja votta, að í brjefið hafði verið látið miklu meira af mótuðum peningum (gulli) heldur en leyfilegt er samkvæmt 13. gr. 2. c. í auglýsingu um póstmál 3. maí 1872 að láta í eitt peningabrjef, og með því að fyrirmælum nefndrar lagagreinar hafði heldur ekki verið fylgt af yðar hálfu að því leyti, að brefinu væri lokað með privatinnsigli auk innsigla póstafgreiðslunnar, sem er skilyrði fyrir því, að það verði gagnvart póstsjóði álitið sannað, að sú upphæð, sem upp er gefin utan á brjefinu hafi verið í því í raun og veru, þá fer því svo fjarri, að póstsjóði beri skylda til að endurgjalda yður upphæð þá, er þjer tjáizt hafa misst, að ekki er einu sinni nokkur heimild til þess án sjerstaks samþykkis fjárveitingavaldsins. **1** 3. jan.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um skyldu framfærzlusveitar barnsföður til meðlagsgreiðslu með óskilgetnum börnum hans.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 17. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, látið mjer í tje umsögn yðar viðvíkjandi erindi hreppsnefndarinnar í Mosfellshreppi, dags. 23. nóv. f. á., þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dags. 20. okt. f. á., er ákveður, að Garðahreppur á Álptanesi, sem er framfærsluhreppur Júlíusar nokkurs Björnssonar, föður tveggja óskilgetinna barna Solveigar nokkurrar Níelsdóttur, er flutt hefur verið á Mosfellssveit ásamt börnum sínum árið 1890, skuli fyrir tímabilið 31. júlí 1890 til 31. júlí 1893 vera laus við að inna af hendi meðlag eða fúlgu, sem ofannefndum Júlíusi Björnssyni með framfærsluúrskurði amtsins, dags. 13. desbr. 1892, er gjört að greiða barnsmóðurinni eða framfærslusveit hennar. Fer hreppsnefndin í Mosfellshreppi fram á, að tjeður úrskurður yðar verði úr gildi felldur, og Garðahreppur skyldaður til að greiða Mosfellshreppi sem framfærslusveit barnsmóðurinnar, sem þar **2** 12 jan.

10. dag febrúarmán. 1895.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1895.